

VSME mælikvarðar

Upplýsingar um skýrslu	
Heiti félags	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Gjaldmiðill fjárhæða í skýrslunni	EUR
Upphafsár	2025
Upphafsmánuður	1
Upphafsdagur	1
Upphafsdagsetning uppgjörstímabils (dd/mm/áááá)	01/01/2025
Lokaár	2025
Lokamánuður	12
Lokadagur	31
Lokadagsetning uppgjörstímabils (dd/mm/áááá)	31/12/2025

B1 - Grunnatriði		
24. (a)	Greina skal frá því hvor valkosturinn hefur verið valinn; valkostur A: grunnútgáfa (e. Basic Module) eða valkostur B: grunnútgáfa og ítarlegri útgáfa (e. Basic Module and Comprehensive Module)	Valkostur A
24. (b)	Ef félagið hefur sleppt upplýsingagjöf þar sem hún telst til trúnaðarupplýsinga eða viðkvæmra upplýsinga skal það tilgreina hvaða upplýsingagjöf hefur verið sleppt.	Engri upplýsingagjöf sleppt
24. (c)	Grundvöllur skýrslugjafar (samstæðugrundvöllur eða einstakt félag)	Skýrslan er gerð á samstæðugrundvelli
24. (d)	Ef skýrslan er gerð á samstæðugrundvelli greinið frá dótturfélögum, þar með talið skráðu heimilisfangi þeirra, sem greint er frá í skýrslunni	Sjóvá-Almennar líftryggingar hf., Kringlan 5, 103 Reykjavík
24. (e)(i)	Félagaform starfseminnar	Hlutfélag
24. (e)(ii)	NACE atvinnugreinaflokkunarkóði/kóðar	K65.1.1 , K65.1.2.
24. (e)(iii)	Stærð efnahagsreiknings (í evrum)	522.244,52
24. (e)(iv)	Velta (í evrum)	240.431,16
24. (e)(v)	Fjöldi starfsmanna samkvæmt fjöldatölu eða stöðugildum	199 fastráðnir starfsmenn í 185 stöðugildum

24. (e)(vi)	Land þar sem aðalstarfsemi fer fram og mikilvægar eignir eru staðsettar	Ísland
24. (e)(vii)	Landfræðileg staðsetning starfssvæða sem félagið á, leigir eða stýrir	Ísland
25.	Ef félagið hefur fengið vottun eða merkingar sem tengjast sjálfbærni skal veita stutta lýsingu á þeim	Vottun á upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd skv. ISO27001 staðli, Jafnlaunavottun skv. ÍST 85 staðli

B2 – Aðgerðir, stefnur og framtíðarverkefni til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi

26. (a)	Aðgerðir sem félagið hefur ráðist í til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi	Sjóvá hefur ráðist í fjölbreyttar aðgerðir tengdar 5 mikilvægustu sjálfbærnipáttum starfseminnar, það eru: loftlagsbreytingar, ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu, forvarnir, mannauður, stjórnaðhættir. Nánari upplýsingar um aðgerðir má sjá í umfjöllun um mikilvæga sjálfbærnipætti í árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2025 .
26. (b)	Stefnur sem félagið hefur innleitt til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi	Sjóvá hefur sett sér stefnu um sjálfbærni, mannréttindastefnu, umhverfisstefnu, stefnu um varnir gegn mútum og spillingu og skattastefnu, í samræmi við lágmarksviðmið skv. EU Taxonomy. Þær stefnur má nálgast hér .
26. (c)	Framtíðarverkefni sem félagið hefur ákveðið að ráðast í til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi	Umhverfisáherslur Sjóvár miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í eigin starfsemi og stuðla að minni losun með forvörnum, fræðslu og ábyrgum lausnum í vöru- og þjónustuframboði. Með því að sinna forvörnum með markvissum hætti, nýta sérþekkingu starfsfólks Sjóvár og gögn og miðla fræðslu skipulega, getur félagið stuðlað að fækkun slysa og tjóna og minnkað umfang þeirra tjóna sem verða. Með því að styðja við ábyrga nýtingu tjónaðra muna og innleiða með enn markvissari hætti hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins í tjónaþjónustu okkar og vöruframboð getum við einnig haft enn jákvæðari áhrif. Að auki felast tækifæri í að auka áfram stafræna þjónustu við viðskiptavinum, svo sem með aukinni notkun fjarskoðunarlausnar, sem einnig felur í sér tækifæri í forvarnastarfi. Sjá nánar um tækifæri sem greind hafa verið í umfjöllun um mikilvæga sjálfbærnipætti í árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2025 .
26. (d)	Markmið sem sett hafa verið til að fylgjast með innleiðingu stefna og þeim árangri sem náðst hefur í átt að markmiðum.	Sjóvá hefur sett sér markmið fyrir alla 5 mikilvægustu sjálfbærnipætti starfseminnar, það eru: loftlagsbreytingar, ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu, forvarnir, mannauður, stjórnaðhættir. Nánari upplýsingar um markmiðin, lykilmælikvarða, aðgerðir og árangur má sjá í umfjöllun um mikilvæga sjálfbærnipætti í árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2025 .

B3 – Orka og losun gróðurhúsalofttegunda

29.	Heildarorkunotkun í MWst	2700,1
29. (i)	Heildarorkunotkun í MWst vegna raforku (samkvæmt reikningum frá veitufyrirtækjum)	542
29. (ii)	Heildarorkunotkun í MWst vegna eldsneytis	134,7
29. (iii)	Endurnýjanleg orkunotkun í MWst vegna raforku (samkvæmt reikningum frá veitufyrirtækjum)	542
29. (iv)	Endurnýjanleg orkunotkun í MWst vegna eldsneytis	0
29. (v)	Óendurnýjanleg orkunotkun í MWst vegna raforku (samkvæmt reikningum frá veitufyrirtækjum)	621
29. (vi)	Óendurnýjanleg orkunotkun í MWst vegna eldsneytis	134,7
30.	Áætluð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (GHG) í tonnum CO ₂ -ígilda (tCO ₂ i)	149
30. (a)	Losun gróðurhúsalofttegunda (GHG) í umfangi 1 í tCO ₂ i (frá eignum eða starfsemi undir stjórn félagsins)	33,1
30. (b)	Staðbundin losun í umfangi 2 í tCO ₂ i	23
31.	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda (GHG) reiknaður með því að deila „heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (GHG)“ með „veltu (í evrum)“.	0,00061972

B7 - Auðlindanotkun, hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

37.	Félagið skal upplýsa hvort það beiti meginreglum hringrásarhagkerfis og, ef svo er, hvernig það beitir þeim meginreglum	Við leggjum ríka áherslu á að sinna forvörnum af krafti til að koma í veg fyrir tjón og fyrirbyggjum þannig sóun sem gæti orðið. Verði tjón reynum við að lágmarka það þegar tækifæri gefst og minnka umfang þess. Við erum með tjónavakt allan sólarhringinn og geta viðskiptavinir alltaf haft samband við okkur og við leiðbeint þeim til að takmarka tjónið, bæði með ráðgjöf á tjónsstað, í gegnum síma og í gegnum fjarskoðunarlausnina Innsýn. Við leitum einnig leiða til að nýta tjónaða muni áfram, líkt og þá sem hafa aðeins orðið fyrir útlitsskemmdum en hafa enn fullt notagildi. Það gerum við með að bjóða viðskiptavinum að nota þá áfram eða með því að koma þeim munum sem við eignumst til annarra sem geta nýtt þá. Við leggjum við áherslu á að gera við þá hluti sem hægt er að gera við í stað þess að skipta þeim út. Samstarf er mikilvægt þegar kemur að því að efla veg hringrásarhagkerfisins og því leggjum við okkur fram um að eiga virkt samtal við hagaðila þessu tengt, svo sem við viðskiptavini og birgja.
38. (a)	Félagið skal upplýsa um heildarmyndun úrgangs á ári, sundurliðaða eftir tegund (hættulegur og hættulaus)	Úrgangsmagn ársins var 15.865 kg. Þar af var flokkaður úrgangur 10.961 kg. og flokkunarhlutfall 69,1%. Um er að ræða úrgang frá rekstri, aðallega frá mótuneyti og pappír, það er heimilisérgangur og úrgangur frá skrifstofustarfsemi. Fargaður úrgangur var 1.121 kg.
38. (b)	Félagið skal upplýsa um heildarmagn úrgangs á ári sem fer í endurvinnslu eða endurnotkun	Endurheimtur úrgangur var 14.744 kg. og hlutfall hans því 92,9%.

B8 – Mannauður – Almennar upplýsingar

39. (a)	Fjöldi starfsmanna samkvæmt fjöldatölu eða stöðugildum flokkað eftir tegund ráðningarsamnings (tímabundinn eða ótímabundinn)	Fjöldi starfsmanna með ótímabundinn samning: 199 Fjöldi starfsmanna með tímabundinn samning: 13
39. (b)	Fjöldi starfsmanna samkvæmt fjöldatölu eða stöðugildum eftir kyni	Fjöldi karla: 99 Fjöldi kvenna: 113
40.	Starfsmannavelta á uppgjörstímabilinu	13%

B9 – Mannauður – Heilsa og öryggi

41. (a)	Fjöldi og tíðni skráningarskyldra vinnutengdra slysa	0
41. (b)	Fjöldi dauðsfalla vegna vinnutengdra áverka og vinnutengdra veikinda	0

B10 – Mannauður - Launakjör, kjarasamningar og þjálfun

42. (a)	Félagið skal upplýsa hvort starfsmenn fái laun sem eru jöfn eða hærri en lágmarkslaun í því landi sem starfsemin fer fram í, eins hvort þau eru ákvörðuð annaðhvort samkvæmt lögum um lágmarkslaun eða samkvæmt kjarasamningi	Já (launapróun almennra starfsmanna fylgir að lágmarki gildandi kjarasamningi VR en sérstaklega er samið við stjórnendur)
42. (b)	Hlutfallslegur launamunur milli kvenkyns og karlkyns starfsmanna	Óútskýrður launamunur kynjanna var 0,6% konum í hag
42. (c)	Hlutfall starfsmanna sem falla undir kjarasamninga	90%
42. (d)	Meðalfjöldi árlegra þjálfunarstunda á hvern starfsmann, flokkað eftir kyni	Karlar: 40 stundir Konur: 46 stundir